

M-110/2016. Álit 14. júlí 2017.

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 14. júlí 2017 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-110/2016.

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 15. desember 2016 bað X, hér eftir nefnd álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á farsíma af Y, hér eftir nefndur seljandi. Álitsbeiðandi segir farsímamann gallaðann og krefst úrbóta af hálfu seljanda eða nýrrar afhendingar.

II

Málsmeðferð kærunefndarinnar

Með bréfi, dags. 6. janúar 2017 var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og var tveggja vikna frestur veittur til að skila þeim. Andsvör seljanda bárust nefndinni 12. janúar 2017. Frekari athugasemdir bárust ekki. Með bréfi, dags. 3. júlí 2017, var aðilum tilkynnt að kærunefndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi kveðst hafa keypt farsíma af gerðinni iPhone 6s, 16 GB af seljanda þann 12. maí 2016. Batterí símans hafi hins vegar verið lélegt og hafi hún því farið með hann í viðgerð í búnaðarþjónustu seljanda. Álitsbeiðandi fékk þar upplýsingar um að 20% af öllum farsímunum af þessari tegund hafi verið gallaðir og þessi hafi verið einn af þeim. Því var ákveðið að skipta um batteríið. Nokkrum dögum síðar, þann 12. desember 2016, hafi seljandi haft samband og tilkynnt að álitsbeiðandi verði að greiða 60.000 krónur fyrir viðgerðina þar sem sprunga sé á skjá farsímans og ekki sé mögulegt að setja brotinn skjá aftur á eftir viðgerð á batteríinu.

Álitsbeiðandi telur að þar sem sprunga í skjánum sé ótengd gallanum beri seljanda að gera við farsímamann sér að kostnaðarlausu eða afhenda sér nýjan farsíma.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda krefst seljandi þess að málinu verði vísað frá kærunefndinni þar sem af kvittun meðfylgjandi álitsbeiðni megi sjá að álitsbeiðandi hafi ekki keypt farsímamann af seljanda heldur fyrirtækið Z. Álitsbeiðandi eigi því ekki rétt á að krefjast úrbóta eða nýrrar afhendingar heldur aðeins fyrirtækið og kaupandi farsímans.

V

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Líkt og að framan greinir krefst álitsbeiðandi þess að seljandi geri við farsímamann eða afhendi sér nýjan í stað þess sem hún keypti af seljanda þar sem hann hafi verið haldinn galla.

Álitsbeiðandi virðist setja fram kröfur sínar á grundvelli laga um neytendakaup nr. 48/2003. Um gildissvið þeirra laga er fjallað í 1. gr., en í 2. mgr. segir „*Með neytendakaupum er átt við sölu hlutar til neytanda þegar seljandi eða umboðsmaður hans hefur atvinnu sína af sölu.*“ Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins telst neytandi í skilningi laganna einstaklingur sem kaupir söluhlut utan atvinnustarfsemi.

Af gögnum málsins liggur fyrir að kaupandi farsímans sé einkahlutafélagið Z, og gera verður ráð fyrir að sama félag sé eigandi símans. Einkahlutafélög geta eðli málsins samkvæmt ekki talist neytendur í skilningi laga nr. 48/2003 um neytendakaup og geta kröfur álitsbeiðanda ekki náð fram að ganga á þeim grundvelli.

Telja verður að lög nr. 50/2000 um lausafjárkaup geti átt við um ágreining málsins vegna galla sem farsíminn hafi verið haldinn, en ekki er unnt að taka efnislega afstöðu til krafna álitsbeiðanda eins og þær eru settar fram í málinu. Álitsbeiðandi er ekki kaupandi farsímans né eigandi hans og getur því ekki gert kröfur á hendur seljanda á þeim grundvelli sem krafan byggir á. Verður kærunefndin því að vísa álitsbeiðninni frá, sbr. 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

Umtalsverður dráttur hefur orðið á afgreiðslu máls þessa fyrir nefndinni. Meginástæða dráttarins er sú að á tímabilinu 6. júlí til 19. október 2016 var kærunefndin óstarfhæf sökum þess að skipun nefndarmanna hafði ekki verið endurnýjuð. Þeir einstaklingar sem áður höfðu haft skipun til starfa í nefndinni voru því umboðslausir og höfðu ekki heimild til að sinna nefndarstörfum.

VI

Álitsorð

Álitsbeiðni X, er vísað frá kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Áslaug Árnadóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hrannar Már Gunnarsson